# REYKJAVÍKURBORG
## GÖNGUGÖTUR

SEPTEMBER 2019

**maskína** laugavegi 25
101 reykjavík
maskina@maskina.is
www.maskina.is

maskína

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| AÐFERÐ | BLS. 3 |
| HELSTU NIÐURSTÖÐUR | BLS. 4 |
| ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR | BLS. 13 |

| | | Bls. |
|---|---|---|
| SP1: | VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA | 13 |
| | ÁSTÆÐUR VIÐHORFS | 17 |
| SP2: | SVÆÐI GÖNGUGATNA | 34 |
| SP3: | ÁHRIF GÖNGUGATNA Á MANNLÍF | 38 |
| SP4: | AÐSÓKN AÐ GÖNGUGÖTUSVÆÐINU | 42 |
| SP5: | TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ | 45 |

## MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Reykjavíkurborg**. Hún er um viðhorf Reykvíkinga til göngugatna miðborgarinnar. Þetta er í þriðja sinn sem hún er framkvæmd.

Könnunin var lögð fyrir Reykvíkinga í Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (e. Panel) dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu dagana 9. - 23. september 2019. Svarendur eru 18 ára og eldri úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Svarendur voru **832** og voru gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldur og búsetu (póstnúmera) í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun.

Í upphafi könnunar birtist svarendum eftirfarandi skýringartexti:

*Undanfarin ár hefur nokkrum götum í miðborg Reykjavíkur verið breytt í göngugötur, milli 1. maí og 1. október.*

*Eftirfarandi götum er breytt í göngugötur:*
- *Laugavegur og Bankastræti frá Klapparstíg að Þingholtsstræti.*
- *Skólavörðustígur milli Bergstaðastrætis og Laugavegar.*
- *Pósthússtræti milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis.*
- *Austurstræti ásamt Veltusundi og Vallarstræti.*

Reykjavík, 4. október 2019.

Með þökk fyrir gott samstarf,

starfsfólk Maskínu.

## STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Vikmörk eru talnabil utan um meðaltal sem inniheldur raunverulegt meðaltal í þýði (allir) með 95% vissu.

T-próf er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja hópa þegar svörin eru á kvarða.

ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur ýmist verið nefnt fervikagreining eða dreifigreining á íslensku. ANOVA er notað til að meta hvort marktækur munur sé á meðaltölum tveggja eða fleiri hópa þegar svörin eru á kvarða.

Kí-kvaðrat próf er notað er til að meta hvort marktækur munur sé á tveimur eða fleiri hópum þegar svörin eru ekki á kvarða.

## 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?




*Í könnuninni 2019 var orðalagi spurningarinnar breytt. Árið 2019 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?“ en 2018 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.

## 2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?



**1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?**




**4. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?**

*Í könnuninni 2019 var orðalagi spurningarinnar breytt. Árið 2019 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?“ en 2018 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.

## 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?




**5. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?**

*Í könnuninni 2019 var orðalagi spurningarinnar breytt. Árið 2019 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?" en 2018 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?".




*Í könnuninni 2019 var orðalagi spurningarinnar breytt. Árið 2019 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?“ en 2018 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.

## 2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?

Svæðið er of lítið | Svæðið er hæfilegt | Svæðið er of stórt




**4. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?**




**5. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?**


2. Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?
Svæðið er of lítið
Svæðið er hæfilegt
Svæðið er of stórt
100%
0%
13%
48%
39%
44%
26%
30%
26%
43%
31%
12%
55%
33%
19%
58%
22%
43%
49%
8%
46%
36%
18%
26%
63%
11%
37%
63%
36%
58%
6%
31%
56%
12%
101-Miðborg
103-Kringlan
104-Laugardalur
105-Hlíðar
107-Vesturbær
108-Fossvogur
109-Neðra Breiðholt
110-Árbær
111-Efra Breiðholt
112-Grafarvogur
113-Grafarh. og Úlf.dalur
Hverfi

**3. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?**




**4. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?**


3. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?
Mjög jákvæð
Fremur jákvæð
Í meðallagi/Neikvæð
100%
0%
11%
21%
68%
18%
16%
66%
21%
34%
45%
28%
33%
39%
42%
41%
17%
47%
38%
15%
2018
2019
2018
2019
2018
2019
Vikulega eða oftar
1-3 sinnum í mánuði
Sjaldnar en mánaðarlega
5. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

**3. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?**




*Í könnuninni 2019 var orðalagi spurningarinnar breytt. Árið 2019 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?“ en 2018 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Ég vil göngugötur allt árið (5) | 233 | 28,0 |
| Mjög jákvæð(ur) (5) | 164 | 19,7 |
| Fremur jákvæð(ur) (4) | 140 | 16,8 |
| Í meðallagi (3) | 127 | 15,2 |
| Fremur neikvæð(ur) (2) | 93 | 11,1 |
| Mjög neikvæð(ur) (1) | 44 | 5,3 |
| Ég er alfarið á móti göngugötum (1) | 31 | 3,8 |
| Gild svör | 832 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 832 | 100,0 |
| Svöruðu ekki | 0 | 0,0 |
| Heildarfjöldi | 832 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 3,83 |
| Vikmörk á meðaltalið | +/-0,09 |
| Staðalfrávik | 1,37 |







Marktækur munur er á meðaltali frá síðustu mælingu skv. t-prófi (p<0,05).

Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikamir „Ég vil göngugötur allt árið“ og „Mjög jákvæð(ur)“ fá gildið 5 en valmöguleikamir „Fremur neikvæð(ur)“ og „Mjög neikvæð(ur)“ fá gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

*Í könnuninni 2019 var orðalagi spurningarinnar breytt. Árið 2019 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?“ en 2018 var orðalagið: „Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?“.

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

| | Gild svör | Ég vil göngugötur allt árið | Jákvæð(ur) | Í meðallagi | Neikvæð(ur) | Ég er alfarið á móti göngugötum | | Breyting frá fyrri mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % | | |
| Allir | 832 | 28,0 | 36,4 | 15,2 | 16,5 | 3,8 | 3,83 | -0,21 |
| **Kyn** | | | | | | | | |
| Karl | 427 | 32,3 | 32,7 | 13,0 | 18,0 | 4,1 | 3,82 | -0,20 |
| Kona | 405 | 23,5 | 40,4 | 17,6 | 14,9 | 3,5 | 3,84 | -0,22 |
| **Aldur*** | | | | | | | | |
| 18-29 ára | 217 | 36,6 | 29,3 | 16,0 | 11,7 | 6,4 | 3,92 | -0,42 |
| 30-39 ára | 175 | 38,8 | 40,6 | 15,7 | 3,8 | 1,1 | 4,36 | -0,06 |
| 40-49 ára | 144 | 27,7 | 36,0 | 13,5 | 17,6 | 5,3 | 3,76 | -0,07 |
| 50-59 ára | 140 | 17,8 | 41,8 | 14,5 | 24,2 | 1,8 | 3,62 | -0,28 |
| 60 ára og eldri | 156 | 13,5 | 37,4 | 16,1 | 29,4 | 3,7 | 3,35 | -0,22 |
| **Hverfi*** | | | | | | | | |
| 101-Miðborg | 113 | 54,9 | 26,3 | 7,3 | 10,8 | 0,7 | 4,36 | -0,16 |
| 103-Kringlan | 12 | 8,4 | 41,8 | 14,4 | 35,4 | 0,0 | 3,54 | -0,75 |
| 104-Laugardalur | 62 | 31,1 | 36,0 | 21,1 | 11,8 | 0,0 | 4,06 | -0,04 |
| 105-Hlíðar | 117 | 46,3 | 33,9 | 9,3 | 10,4 | 0,0 | 4,30 | -0,04 |
| 107-Vesturbær | 57 | 41,0 | 34,2 | 13,1 | 10,7 | 1,1 | 4,24 | 0,09 |
| 108-Fossvogur | 82 | 16,6 | 40,3 | 15,6 | 17,6 | 9,9 | 3,53 | -0,63 |
| 109-Neðra Breiðholt | 81 | 21,3 | 31,7 | 17,0 | 27,7 | 2,4 | 3,36 | -0,17 |
| 110-Árbær | 82 | 14,3 | 45,0 | 26,1 | 9,4 | 5,3 | 3,75 | -0,40 |
| 111-Efra Breiðholt | 66 | 18,1 | 33,4 | 25,3 | 18,7 | 4,5 | 3,59 | -0,05 |
| 112-Grafarvogur | 112 | 8,2 | 43,7 | 12,3 | 26,7 | 9,2 | 3,33 | -0,24 |
| 113-Grafarholt og Úlfarsárdalur | 45 | 21,0 | 42,7 | 14,6 | 17,1 | 4,6 | 3,64 | -0,35 |
| 116/162-Kjalarnes | <5 | | | | | | | |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

| | Gild svör | Ég vil göngugötur allt árið | Jákvæð(ur) | Í meðallagi | Neikvæð(ur) | Ég er alfarið á móti göngugötum | | Breyting frá fyrri mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % | | |
| Allir | 832 | 28,0 | 36,4 | 15,2 | 16,5 | 3,8 | 3,83 | -0,21 |
| Menntun* | | | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 91 | 17,3 | 34,5 | 21,5 | 21,4 | 5,3 | 3,41 | -0,10 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 227 | 22,3 | 27,3 | 19,1 | 23,3 | 7,9 | 3,40 | -0,47 |
| Háskólapróf | 463 | 33,9 | 42,1 | 11,3 | 12,2 | 0,6 | 4,17 | -0,11 |
| Heimilistekjur* | | | | | | | | |
| Lægri en 400 þúsund | 115 | 36,5 | 29,2 | 10,6 | 22,3 | 1,4 | 3,87 | -0,13 |
| 400 til 549 þúsund | 93 | 18,5 | 39,0 | 22,4 | 18,0 | 2,1 | 3,72 | -0,28 |
| 550 til 799 þúsund | 160 | 23,4 | 39,5 | 16,6 | 13,2 | 7,3 | 3,71 | -0,30 |
| 800 til 999 þúsund | 103 | 33,7 | 37,2 | 11,7 | 16,6 | 0,8 | 4,06 | -0,12 |
| Milljón til 1.199 þúsund | 106 | 33,0 | 40,8 | 10,0 | 12,5 | 3,6 | 4,05 | -0,18 |
| 1.200 þúsund eða hærri | 123 | 37,2 | 36,0 | 14,4 | 12,4 | 0,0 | 4,16 | 0,02 |
| Hjúskaparstaða* | | | | | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 546 | 30,8 | 36,1 | 13,7 | 16,5 | 2,9 | 3,88 | -0,18 |
| Einhleyp(ur) | 186 | 27,5 | 37,8 | 15,9 | 16,6 | 2,2 | 3,90 | -0,20 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 51 | 9,8 | 40,4 | 21,4 | 17,2 | 11,2 | 3,38 | -0,22 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni?

| | Gild svör | Ég vil göngugötur allt árið | Jákvæð(ur) | Í meðallagi | Neikvæð(ur) | Ég er alfarið á móti göngugötum | | Breyting frá fyrri mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % | | |
| Allir | 832 | 28,0 | 36,4 | 15,2 | 16,5 | 3,8 | 3,83 | -0,21 |
| **Finnst þér göngugötusvæðið vera of stórt, of lítið eða hæfilegt?*** | | | | | | | | |
| Svæðið er of stórt | 223 | 0,0 | 11,3 | 23,9 | 50,7 | 14,1 | 2,15 | |
| Svæðið er hæfilegt | 413 | 27,5 | 55,8 | 12,8 | 3,9 | 0,0 | 4,38 | |
| Svæðið er of lítið | 152 | 77,3 | 20,3 | 0,7 | 1,7 | 0,0 | 4,90 | |
| **Telur þú að göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?*** | | | | | | | | |
| Mjög jákvæð | 327 | 61,8 | 37,8 | 0,4 | 0,0 | 0,0 | 4,93 | 0,03 |
| Fremur jákvæð | 230 | 12,3 | 67,4 | 15,0 | 5,0 | 0,3 | 4,09 | 0,07 |
| Í meðallagi/Neikvæð | 243 | 0,9 | 6,0 | 29,8 | 51,2 | 12,2 | 2,16 | -0,30 |
| **Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?*** | | | | | | | | |
| Já | 720 | 31,0 | 37,6 | 12,8 | 14,9 | 3,7 | 3,94 | -0,22 |
| Nei | 93 | 9,2 | 24,5 | 30,5 | 30,7 | 5,2 | 2,95 | -0,46 |
| **Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?*** | | | | | | | | |
| Vikulega eða oftar | 256 | 55,5 | 23,9 | 3,9 | 12,8 | 3,9 | 4,27 | -0,19 |
| 1-3 sinnum í mánuði | 319 | 22,2 | 45,4 | 15,9 | 13,2 | 3,3 | 3,93 | -0,21 |
| Sjaldnar en mánaðarlega | 239 | 7,8 | 36,8 | 25,0 | 25,8 | 4,6 | 3,22 | -0,17 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

Hér má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

Hvers vegna ert þú **alfarið á móti** göngugötum í miðborginni?

### 101 - Miðborg

- Óþarfi.
- Þarna eru gamlar verslunargötur þar sem allir, bæði göngufærir og aðrir gátu farið um. Nú er búið að skipta út bílum fyrir hunda (og hundaóhreinindi), fyrir þröngan hóp einstaklinga og erlenda ferðamenn, allt án tillits til sögu, menningar og þarfa þeirra sem í Reykjavík búa. Langi Reykjavík að útbúa nýja tegund af menningu, þá var vel hægt að finna önnur svæði til þess en að skemma miðbæ Reykvíkinga.

### 107 - Vesturbær

- Vegna veðurfars og vegna þess hversu mikið flækjustig það hefur í för með sér að keyra um miðbæinn.

### 108 - Fossvogur

- Eftir að göturnar breyttust í göngugötur þá hefur aðgengi að miðbænum versnað til muna. Maður nennir ekki lengur að fara í miðbæinn. Það er heldur ekkert þar að sjá.
- Ég vil hafa göngugötu og bílaumferð í bland t.d. bílaumferð frá 09.00-18.00 göngugata frá 18.00-09.00.
- Ég er vinnandi einstaklingur og þarf að komast frá punkt a til b.

### 109 - Neðra Breiðholt

- Erfitt að komast keyrandi um bæinn.

### 110 - Árbær

- Er í hjólastól.
- Mikil truflun fyrir leigubíla og aðra sem stunda þannig viðskipti í miðbænum.
- Tefur umferð, erfitt fyrir vörudreifingu,.
- Það er orðið ógerlegt að komast i miðborgina, það er ekki gert ráð fyrir að maður komist á bíl sem mer finnst fáranlegt. Fer heldur ekki i miðborgina.
- Þarna er brotið á mannréttindum þar sem ekki allir komast leiðar sinnar fótgangandi.

### 111 - Efra Breiðholt

- Göngugötur hefta aðgengi hreyfihamlaðra og þjónustubíla sem þurfa að komast að hótelum að sækja fólk og farangur. Eina fólkið sem notar sér þessar göngugötur eru erlendir ferðamenn og nú er svo komið að Íslendingar eru hættir að vilja fara í „bæinn“ því þeir eru orðnir sýningargripur fyrir ferðamenn s.s. á þorláksmessu og fleiri slíkum dögum sem hafa verið hefð fyrir heimamenn. En fyrst og fremst er þetta illa gert gagnvart hreyfihömluðum. Eldra fólk sem notar göngugrindur geta ekki farið um miðbæinn lengur. Það þarf að taka tillit til annara en heilsuhraustra hjólamanna.
- Það geta ekki allir komist ferða sinna gangandi eða á hjólum.

### 112 - Grafarvogur

- Borgin á ekki að ráða þessu heldur verslunareigendur.
- Borgin er þannig byggð að það er ekki raunhæfur möguleiki fyrir alla að labba eða hjóla í miðbæinn.
- Erfitt að komast að verslunum og þjónustu þar sem einkabíll er mest notaður vegna lélegra almanningssamgangna.
- Ég er viss um að lokunin gerir fyrirtækjum erfitt að starfa og jafnvel fælir þau í burtu.
- Finnst þær fara alveg gegn því sem þær eiga að gera, þær hefta aðgengi, fækkun bílastæða verður líka til þess að ég fer helst ekki í miðborgina.

### 113 - Grafarholt og Úlfársdalur

- Veðurfar, hæðir og lægðir.
- Þetta passar bara ekki fyrir okkur á Íslandi. Fólk á að hafa val að koma á bíl eða ganga. Öll verslun er að hverfa burtu og eftir standa lundabúðir og veitingastaðir fyrir ferðamenn. Hinn hefðbundi Íslendingur hefur lítið að sækja í miðbæin nema djammum helgar og kannski kaffihús á virku kvöldi.

### 116/162 - Kjalarnes

- Þrengir að bílaumferð.

Hvers vegna ert þú **neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

### 101 - Miðborg

- Af því bara.
- Allra veðra von og mér finnst nóg að hafa Laugaveginn lokaðan á sumrin og Austurstrætið.
- Bý í miðborginni og bílaumferð eykst í þeim götum sem eru næstar og til hliðar við göngugötur.
- Ég hef aðsetur í miðbænum og þarf að komast milli vinnu og heimilis án stórkostlegra vandræða.
- Ég kemst ekki leiðar minnar langt nema á bíl.
- Ég vil geta ekið um Laugaveg.
- Göngugötur hindra eðlilega umferð um götur þessar og gerir það að verkum að miðbærinn verður eingöngu eitt risastórt kaffihús/afþreyingarsvæði fyrir erlenda ferðamenn. Þjónusta og verslun miðuð við þarfir innfæddra hverfur því úr miðbænum.
- Hefta aðgengi.
- It's not a consistent concept as a „walk zone". Small patches here and there are confusing for both pedestrians and drivers and don't provide real „walking free" experience.
- Íbúar komast ekki heim til sín. Verslanir loka. Enginn hagnaður í göngugötum.
- Íslenskt veðurfar býður ekki uppá búðarrölt. Þarf ekki annað en bera saman Kringlu og Smáralind við Laugaveg til að sjá þetta.
- Mér finnst í lagi að hafa þetta lokað yfir hásumar en ekki mikið meira en það.
- Of margar og á allt of þröngu svæði.
- Sé ekki betur en að fæstir þeirra sem eru á göngugötunum séu Íslendingar. Með tilliti til veðráttu á Íslandi þá tel ég göngugötur ekki henta íslenskum aðstæðum. Tala einnig af reynslu sem rekstraraðili fyrirtækis í miðborg Reykjavíkur, þar sem viðskiptavinir snéru sér annað vegna annmarka á að komast og geta lagt bíl í nágrenni við mína starfstöð. Neyddist til að flytja minn rekstur úr miðbænum.
- Slæmt fyrir önnur viðskipti en þau sem tengjast ferðaþjónustu.
- Starfið mitt felst í því að dreifa vörum allan daginn og þetta heftir töluvert aðgang.
- Stíflar bílaumferð og fælir þannig Íslendinga frá staðnum.
- Það er ekki verið að nýta þær sem skyldi og fælir íslendinga frá ég bý í 101 geng mikið og mæti aðallega ferðamönnum.
- Það er líka fólk sem býr í borginni. Fólk sem á heima í miðborginni þarf að komast heim oft með húsgögn en alltaf lifibrauð svo er líka til fatlað fólk sem ekki kemst leiðar sinnar.
- Þetta er orðið of mikið.

### 103 - Kringlan

- Ég er á þeirri skoðun, að götur séu fyrir akandi umferð og gangbrautir fyrir þá gangandi.
- Margir sem komast ekki gangandi.

### 104 - Laugardalur

- Ég þarf oft að skreppa í búðir sem eru á Laugavegi vinnu minnar vegna og ruglið á þeirri er mjög fráhrindandi.
- Illa hannað og illa hugsað án bílastæða. Hending virðist ráða hvar hægt er að fara um hverju sinni. Í bland við skipulagsleysi í framkvæmdum og alltof sóran hluta miðbæjar í endurbyggingu í einu er þetta óþolandi ástand með litlum vonum um úrbætur.
- Minni verslun og minna flæði Íslendinga um miðborgina.
- Slæmt aðgengi.
- Takmarka viðskipti og gerir götur þar með einsleitar túristagötur enda eru göngugötur aðallega notaðar af ferðamönnum ef einhverjum.
- Við höfum ekki veðurfar fyrir göngugötur.
- Það hefur leitt til þess að maður kemst ekki leiðar sínar á bíl, þarf að leggja langt frá versluninni sem maður ætlar í og er ein af mörgum ástæðum fyrir því að ég versla nánast aldrei í miðbænum.
- Það hindrar eldri borgara að fara í miðbæinn.
- Þrengir bílaumferðir um bæinn.

### 105 - Hlíðar

- Á erfitt með gang og kemst þá ekki leiðar minnar í miðbænum.
- Áðurnefndar götur voru opnar fyrir umferð hér á árum áður og gekk allt vel. Meira að segja lítið mál að finna stæði. Nú er miðborgin meir eða minna lokuð umferð og bílastæði af skornum skammti, enda hættur að fara þangað.
- Er fatlaður og ferðast eingöngu í bíl.
- Erfiðari aðkoma að verslunum og þjónustu. Mætti frekar bjóða upp á göngugötur hluta úr degi.
- Erfitt aðgengi og veðurfar.
- Erfitt fyrir fullorðna að komast að.
- Ég er hreyfihömluð og eins og svo margir aðrir, getum ekki gengið og þurfum bíl til að fara á milli staða. Ég er með spjald í framrúðunni, sem segir að ég megi leggja í merkt bílastæði og við þurfum því miður að fara í verslun t.d. á Laugavegi, en allt er lokað.

Hvers vegna ert þú **neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

**105 - Hlíðar frh.**

- Finnst bara almennt að miðbærinn sé ömurlegur - grútskítugur, veggjakrot og tómt verslunarhúsnæði í öðru hvoru húsi.Restin bara dýrt kaffi og veitinghús.
- Gerir rekstaraðilum mjög erfitt fyrir og umferðin skiptir akkúrat engu máli. Hún er svo hæg hvort sem er.
- Illa framkvæmt og ruglingslegt.
- Miðbærinn verður að vera aðgengilegur fyrir bílaumferð.
- Nánast eingöngu fyrir ferðamenn. Venjulegt fólk í fullri vinnu, sem á erindi í miðborgina kemst ekki að nema gangandi. Þá komast fatlaðir alls ekki í miðborgina.
- Sé ekki vandamálið við hæga bílaumferð og umferð gangandi fólks.
- Slík lokun þjónar ekki þörfum aldraðra og hreyfihamlaðra.
- Stíflar og tefur fyrir umferð. Eyðileggur verslun. Allt í lagi að loka á tyllidögum.
- Veðrátta.
- Vegna þessa að aðgengi er ekki gott að bílastæðum. En sumarið í sumar er búið að vera mjög leiðilegt og hugsar maður sig 2svar um að sækja þjónustu í fyrirtæki í miðborgini. Tek fram að ég geng mjög mikið um borgina.
- Það þrífst ekkert nema túristar og tengd starfsemi á þessum svæðum.
- Þær draga úr verslun og skerða aðgengi.
- Þær eru illa nýttar sem göngugötur.
- Þær gera það að verkum að ég hef minni áhuga á að heimsækja miðborgina mína. Jafnframt eru þær farartálmi fyrir hreyfihamlað fólk. Þó ég eigi ekki við slíkt að etja finnst mér öll torveldun á umferð hreyfihamlaðra til skammar.

**107 - Vesturbær**

- Bara.
- Drepur fyrirtæki.
- Ég tel nauðsynlegt að hlusta á kaupmenn í miðborginni sem margir telja þetta draga mjög úr verslun íslendinga.
- Hefur þau áhrif að nánast bara ferðamenn sjást í miðbænum og verslanir hverfa.
- Sem eldri borgari er ég hættur að geta farið í miðbæinn og lagt bíl mínum. Göngugötur eru hluti af umferðaröngþveiti Reykjavíkur.
- Veðurfarið er þannig á Íslandi að það hentar illa. Einnig getur verið erfitt fyrir þá sem eru ekki með fulla heilsu en þurfa eða langar að sækja þá staði sem eru við göngugötur.
- Vitlaust að loka dimmum og köldum Laugavegi þar sem aldrei skín sól. Væri nær að gera allan Skólavörðustíg að göngugötu, breið, björt og falleg gata sem býður uppá að geta breyst í kaffihúsa-stræti.
- Spurningin ykkar:Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni? er of mikil alhæfing og ekki boðið upp á svar sem ég vil gefa. Í kaupstað eins og Reykjavík er á mælikvarða annarra borga + óhagstætt veðurfar er það misheppnað að loka bútum hingað og þangað um miðbæinn. Ruglingslegt og hamlar aðgengi að verslunum. Bara það eitt að komast áfram í þessu gatna völundarhúsi er nóg til að leggja ekki í og LANGA EKKERT í miðbæinn. Nenni ekki lengur að reyna að fara á uppáhaldsveitingahúsin mín sem eru í miðbænum. Hvað er gaman fyrir túrista að vera á veitingahúsum þar sem enginn Íslendingur sést á, útkoman er að allir eru í útivistarfatnaði í miðbænum og á veitingahúsum eins og upp á fjöllum. Uppáhaldsbúðirnar mínar flest allar farnar. ARG!

**108 - Fossvogur**

- Bílar eru þægilegasta farar- og flutningatækið og þurfa að komast leiðar sinnar án óþarfa tímasóunar og fyrirhafnar.
- Ef göngugötur eru margar verður aðgengið of slæmt. Þá er enn minni hvati til að sækja þjónustu í miðbæinn.
- Eina fólkið sem er í miðbænum eru túristar þannig að mér finnst óþarfi að loka yfir vetramánuði í þessum götum - sök sé um sumarið.
- Erfitt að nálgast verslanir - við lútum öðrum lögmálum en margar aðrar borgir vegna veðráttu - fyrst og fremst - einnig að það eru ekki nægilega góðar almenningssamgöngur til að flytja fólk að og frá göngugötunum hér í Reykjavík- sama gildir um bílastæði. Það ER mjög erfitt fyrir þjónustuaðila að koma með aðföng til fyrirtækja í miðbænum- opnunartími fyrir sendibíla allt of stuttur miðað við opnunartíma verslana - oft bara hægt að koma með vörur 1 klst. á dag.
- Finnst ekki vera nógu vel staðið að því. Maður er alltaf óviss hvort og hvenær ákveðið svæði er göngugata og svo er hægt að keyra þvert yfir sumar göngugötur sem er hættulegt fyrir gangandi.
- Gagnlausar.
- Hamlandi fyrir akandi umferð.
- Veðráttan á Íslandi býður ekki upp á göngugötur að mínu áliti.
- Vegna aðkomu og flutnings á vörum, farþegum og fleira.

Hvers vegna ert þú **neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

### 109 - Neðra Breiðholt

- Allar þessar göngugötur eru eingöngu fyrir ferðamenn, ekki heimamenn.
- Ég þarf að koma fólki heim að dyrum.
- Lokar á bíla.
- Maður sér að fyrirtæki dafna illa við göngugötur.
- Mér finnst bílaneikvæðni borgarinnar yfirgengileg.
- Svar einfalt við búum á Íslandi og ég nenni ekki í bæinn vegna lélegs aðgengis fyrir einkabílinn.
- Truflun á flæði umferðar.
- Veður og aðrar aðstæður bjóða ekki upp á göngugötur.
- Það er nógu erfitt að komast þarna um þó svo að maður sé ekki endalaust að lenda á göngugötum til að komast um og komast í þjónustu þarna í kring einnig á ég ættingja sem búa á þessu svæði og er nógu erfitt að komast til þeirra án þess að það sé ekki 100 götum í kring lokað fyrir bílaumferð.

### 110 - Árbær

- Bíllinn á að hafa algeran forgang.
- Hamlar aðgengi, m.v. veðurfars.
- Hef gaman af því að heimsækja miðborgina en á erfitt með að ganga mikið.
- Lélegt aðgengi.
- Miðbærinn missir fjölbreytileikann. Eftir verður nær eingöngu þjónusta fyrir útlendinga.
- Vegna aðgengisleysi fyrir fatlaða og illgöngufæra. Fólk sem ekki getur farið gangandi getur oft átt erindi í miðbæ Reykjavíkur og er þá gott að geta keyrt að verslun eða veitingastað og hleypt viðkomandi út.
- Þegar ég fer í miðbæinn á ég erindi þangað og vil komast leiða minna.
- Þetta er bara óþolandi truflun fyrir mig og aðra sem þurfa að sinna vinnu á svæðinu. Ofan á það bætast svo eilífar framkvæmdir ár eftir ár.

### 111 - Efra Breiðholt

- Hamlar för fatlaðra að bænum.
- Heftir fólk með fötlun að fara í bæinn.
- Hentar mér ekki.
- Vegna aðgengi fatlaðra og þeirra sem eiga erfitt með gang. Lokun miðborgargatna er alls ekki fyrir alla.
- Það eru jú göngustígar um alla borg.
- Þar sem ég get mjög lítið gengið nú orðið, þá er ég alfarið á móti því að komast alls ekki á þessi svæði.
- Þegar götum er breytt í göngugötur þá fækkar bílastæðum og þá er erfiðara og seinlegra að komast í miðborgina.
- Þetta heftir smá fyrirtæki á lokuðu svæði og gerir fötluðum illmögulegt að skoða og/eða ferðast um miðborgina sína. Gerir lítið eða ekkert fyrir túrista.
- Því það er liður í stefnu borgarinnar gegn fjölskyldubílnum sem mér líkar alls ekki og svo virðist sem eigendur verslana á svæðinu séu á móti því líka. Þeirra eru ríkustu hagsmunirnir.

### 112 - Grafarvogur

- Af því það þjónar ekki atvinnurekstri í miðborginni.
- Á ekki við á Íslandi vegna veðurs.
- Bara óþarfi.
- Ekki gæfulegt fyrir eldra fólk, fótalúna, eða fatlaða að komast um Laugaveg eða miðbæinn.
- Erfiðara að keyra um í miðbænum.
- Erfiðara að komast um. Ekki er alltaf gott veður.
- Erfiðara að sækja þjónustu á bíl.
- Ég er á móti lokun gatna fyir bílaumferð, og vil fyrst mislæg gatnamót á undan borgarlínu.
- Ég er leigubílstjóri og móti lokunum á götum.
- Ég sem Reykvíkingur fer orðið ekki í verslanir niðrí bæ, nenni ekki að leita af stæði í svo langan tíma og svo í þokkabót þarf um langan veg að ganga og veðrið oftast ekki upp á marga fiska.
- Göngugötur í miðborginni kalla á lokun á bílaumferð sem heftir aðgengi eldra fólks og fatlaðra. Þannig eins og reynslan er þá felst í því óréttlæti gagnvart þessum hópum.

Hvers vegna ert þú **neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

**112 - Grafarvogur frh.**

- Götur eiga að bera alla umferð.
- Hindra flæði ökutækja.
- Laugavegurinn er dauður. Þarf að segja meira???
- Minnkar flæði í verslanir.
- Sé takmarkaðan tilgang með þeim. Gangstéttir með götum duga alveg fyrir gangandi umferð og veðráttan á Íslandi kallar á það að fólk fer frekar leiðar sinnar í bílum en gangandi.
- Umfeða röryggi.
- Vegna veðurs.
- Vegna þess að það er 80% vont veður á þessu landi og maður þarf að komast í búðir í miðbænum sem verður sífellt erfiðara.
- Vil geta komist á bíl.
- Vil geta komist í búðir, en ekkert er eftir af þeim í miðbænum, bara resturantar og barir.
- Vill ekki hefta umferð um miðborgina vegna þessa fáu verslana sem eftir eru nú eru bara flísverslanir þar í dag vantar fjölbreytni.
- Virðist vera stefnulaust og alltaf verið að þrengja að umferð bíla.
- Það er allsstaðar verið að þrengja að einkabílnum.
- Það er ekki hægt að komast neitt þetta er eitt stórt byggingasvæði og er verið að endurnýja götur og fleira.
- Það vita allir, aldrei nógu gott veður til að fólk nenni að ganga göngugöturnar og svo er það mesta heimska sem ég hef kynnst að breyta aksturstefnu Laugavegar að hluta. Er þetta borgarstjórnarfólk ekki í lagi?
- Það þarf að komast um á bíl.

**113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur**

- Allt of miklar lokanir. Austurstræti og Pósthússtræti alveg nægjanlega miklar lokanir.
- Eyðileggja eðlilegt flæði um borgina.
- Ég vil nota bíl.
- Hentar ekki vegna veðurfars.
- Meðal annas vegna aldraðra fatlaðra og fjölbreytileika í verslun.
- Stoppar Íslendinga að versla í bænum.

- Tel ekki þörf á því, fólksfjöldinn er ekki það mikill og þessi göngugötustemming er ekki til staðar. Algerlega óþolandi að geta ekki keyrt niður Laugaveginn. Nægilegt að hafa Austurstrætið sem göngugötu.
- Út af það geta ekki allir gengið.
- Vegna þess að fólk með skerta göngugetu kemst ekki um þessar götur og eins fatlað fólk.
- Það skerðir fyrir bílaumferð og gerir að verkum að fatlaðir og eldri borgarar komast ekki að verslun og þjónustu sem þar er.
- Það virðist vera kominn upp einhver bíla fasismi hjá borgarstjórn. Staðreyndin er sú, að það eiga ekki allir heima í miðbænum, og þeir sem kjósa að búa í úthverfunum eru líka borgarbúar sem eiga erindi í miðbæinn og eru þá oftast á eigin bíl, því almenningssamgöngur eru ekki sniðnar að notendum.

**116/162 - Kjalarnes**

- Ég er í sjálfu sér ekki neikvæð gagnvart því. En miklu meiri áhersla er lögð á aðstæður í miðborginni en t.d. á Kjalarnesi sem verður út undan.Hvar eru göngugötur og hjólastígar á Kjalarnesi?

Hvers vegna ert þú **í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

### 101 - Miðborg

- Erfitt að komast akandi að starfsemi við göngugötu.
- Gott fyrir gangandi fólk, en ef til vill slæmt fyrir verslunaeigendur þar.
- Mér finnst jákvætt að hafa Laugaveginn sem göngugötu EF Hverfisgatan er opin fyrir umferð. Sem íbúi Miðbæjarins er búið að vera mjög erfitt síðastliðna mánuði vegna lokunar á Hverfisgötu og Laugaveginum að finna stæði nálægt heimilinu mínu eða bara komast nálægt því sem er stundum nauðsynlegt fyrir ólétta konu að bera þunga hluti heim.
- Stefna borgarinnar er skelfing (hryðjuverk). Það er verið að flæma íbúa út úr miðbænum. Með lokunum og fækkun bílastæða. Að maður tali ekki um umferðina. Ekkert gert til að létta á svo sem SUNDABRAUT!
- Vegna þess, að göngugötur eru þeim takmörkunum háðar, að umferð um þær eru ekki á færi allra og veðurfar á Íslandi, ekki hentugt fyrir fyrirtæki sem ella gætu gengið ágætlega.
- Þær eru líklegar til að auka á fjölbreytileika í mannlífi, verslun og þjónustu, því ýmsir rekstrarlegir þættir flytjast út úr verslunarrýmum og út á götur því þar er orðið meira rými. Hins vegar er hægt að ganga of langt í þeim efnum sem mér sýnist einmitt hafa verið að gerast á árinu. Spurning hvort um einhvers konar offramboð er að ræða, eða kannski heft aðgengi þeirra sem búa eða dvelja ekki í nánd við svæðið.

### 103 - Kringlan

- Hamlar aðgengi að þjónustu.
- Skemmtilegri bæjarbragur.
- Það er áreiðanlega jákvætt fyrir gangandi vegfarendur líklega helst ferðamenn enda hafa fáir aðrir mikið þangað að sækja. Sjálfur kem ég sárasjaldan í miðborgina.

### 104 - Laugardalur

- Að mörgu leyti skemmtilegt en getur verið erfitt fyrir fyrirtæki á svæðinu.
- Ég hef aldrei séð neitt stórborgarlegt við Reykjavík.
- Ég svaraði í meðallagi sem er að mínu viti hvorki né. Ég hef enga skoðun á göngugötum í miðborginni.
- Hef enga sérstaka skoðun á því.
- Mér er alveg sama..

- Það þarf meira að koma til. Í Ljublana t.d. er mikið um göngugötur og þar er t.d. boðið uppá fría leigubíla sem eru rafknúnir fyrir þá sem geta ekki eða illa gengið svona leiðir. Það er margt hægt - veðrið hér er heldur ekki alltaf hliðholt göngugötum.
- Þetta er í lagi yfir sumarið en um leið og kólnar er enginn gangandi á þessum götum. Svo er rúnturinn eyðilagður með þessu. Hann er hefð en göngugötur eru aðallega fyrir túrista.
- Því ég er bæði gangandi og akandi vegfarandi.
- Því það þarf að finna lausn svo allir geti komist þangað sem þeir ætla, ekki allir sem eiga auðvelt með gang án þess að þurfa hjólastól.

### 105 - Hlíðar

- Álag á götur er ekki svo mikið að ekki megi blanda umferð (gangandi, hjólandi, á bílum). Þó má gera göngugötur á afmörkuðum svæðum. Verst er langvarandi illa skipulagðar viðgerðir með margra mánaða lokunum (s.s. Hverfisgata og fleiri staðir).
- Ef verslanir eiga að þjónusta alla ekki bara ferðamenn, þá gengur ekki bara að loka götum, þetta þarf að gerast í fullri sátt við þá sem eru að veita þjónustu á svæðinu.
- Eins og staðan er í dag er lítið að sækja í miðbæinn, verslanir horfnar og lítið annað en túristabúðir og veitingastaðir.
- Ég hakaði í „í meðallagi“ en ég er hlynnt göngugötu í miðborginni, en tel að það er ekki búið að skilgreina það nægilega vel og koma flæði betri fyrir bíla á þeim götum sem þeir eru leyfilegir.
- Ég hef fátt að sækja niður í bæ, búandi í Holtunum.
- Gott að geta labbað upp og niður Laugaveginn án þess að hafa áhyggjur af umferð.
- Jákvætt að fólk þurfi að hreyfa sig en neikvætt gagnvart fötluðum sem ekki hafa mikla hreyfigetu.
- Mér er nákvæmlega sama.
- Myndi ekki breyta miklu fyrir mig ef það væri hægt að keyra þessar götur, væri stundum auðveldara að komast niður í miðbæ.
- Snýst um aðgengi og þá veðráttu sem við búum við, spurning að yfirbyggja göturnar.
- Vinnustaðurinn minn eru göturnar í miðborg Reykjavíkur og allar þessar breytingar og lokanir eru gjörsamleg búið að vera óþlandi. Ég vinn í heimahjúkrum hjá Reykjavíkurborg og mikið af skjólstæðingum búa í miðbænum. Það er ansi erfitt að komast til þeirra vegna lokana og lélegs aðgengi. Legg líka til að holunum og megnið að hraðahindrunum verði afnumið.

Hvers vegna ert þú **í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

**105 - Hlíðar frh.**

- Þær hafa kosti og galla. Bjóða upp á röltstemmningu fyrir þá sem vilja það, en gera fólki sem er að reka erindi í eina eða tvær búðir, erfiðara fyrir. Það er þá mikilvægt að svæðið sé skipulagt með hliðsjón af þessu, að þar séu frekar „stemmningsbúðir".

**107 - Vesturbær**

- Annð hvort göngugata eða ekki, þoli ekki hálfar og þaðan af minna og hvað er göngugata þvílíkt bull.
- Finnst það til trafala stundum en líka ánægjulegt að sjá mannlífið.
- Mér finnst það fínt yfir sumartímann en ekki yfir vetrarmánuðina þegar veðrið er sem verst.
- Svæðið er of stórt eins og það er hugsað í dag.
- Truflar umferð.

**108 - Fossvogur**

- Ég er frekar jákvæður gagnvart sumum göngugötum yfir sumarmánuði en mjög neikvæður gagnvart göngugötum að vetri.
- Ég er hvorki jákvæður né neikvæður.
- Ég er nánast hættur að fara í bæinn. Það er erfitt að fá stæði. Margt samt til bóta annað ekki.
- Gæta þarf hófs ekki eru allar götur heppilegar meðal annars vegna skjólleysis og vegalengda.
- Göngugötur geta á við í einhverjum tilvikum. Slæmt þegar göngugötur eru orðnar að trúarbrögðum.
- Hef ekki kynnt mér málið nægjanlega vel.
- Mér finnst það fara eftir veðri, upplagt að loka dag og dag t.d. á Laugavegi eða Skólavörðustíg. Ef Laugavegi verður lokað alveg, er miðbærinn dauður.

**109 - Neðra Breiðholt**

- Bæði kostir og gallar.
- Er sjaldan niðri í bæ og í þau skipti sem ég er þar, þá er nógu erfitt að finna bílastæði þó möguleikunum sé ekki fækkað.
- Erfitt fyrir eldra fólk og hreyfihamlað. Að vísu hægt að leysa það með því að svoleiðis fólk eigi ekkert erindi á þessar slóðir!
- Sé ekki tilgang með að hafa smá part.
- Verðum að hafa val.
- Þetta snýst um peninga að verulegu leyti. Ég vil ekki að skattfé borgarinnar sé varið í einhverjar fok dýrar framkvæmdir sem engu skila. Borgin verður að svara spurningum á borð við: Er verslunarkjarninn miðbær eitthvað sem heyrir sögunni til? Er það slæmt að verslun fari meira fram í verslunarmiðstöðvum? Af hverju ættu opinberir aðilar að hafa afskipti og áhrif á það hvar verslun fer fram?

**110 - Árbær**

- Er aldrei hugsað um þá sem geta illa gengið.
- Er bara frekar sama.
- Ég er neikvæð gagnvart gamla fólkinu eða fólki sem á erfitt með að komast leiðar sinnar á tveimur jafnfljótum.Ég er jákvæð fyrir þessu, út af lífinu sem myndast aukalega útaf götunni sjálfri. En bílastæði eru helvíti að fá þarna og skil ég vel að eldra fólkið komi ekki lengur.
- Ég vil hafa eina götu sem göngugötu t.d. Laugaveginn.
- Hef ekki mikla skoðun á því. Mér finnst bæði gott að geta keyrt allar götur en líka ágætt að þurfa ekki að hafa áhyggjur af bílum þegar maður gengur.
- Hef ekki skoðun á því.
- Hef ekki skoðun, þar sem ég er ekki íbúi í Reykjavík. Finnst málið vera í höndum íbúa á svæðinu.
- Vantar fleiri bílastæði til að leggja þegar farið er í verslanir hjá göngugötum.
- Veit ekki alveg hvað ég á að sækja niður í bæ annað en að sýna útlendingum.
- Velti fyrir mér aðgengi fólks með skerta hreyfigetu.
- Virkar á góðviðrisdögum, annars ekki.

Hvers vegna ert þú **í meðallagi jákvæð(ur)/neikvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

**111 - Efra Breiðholt**

- Alveg sama um göngugötur.
- Ég fer ekki mikið niður í bæ þannig skiptir mig ekki miklu máli.
- Ég fer mjög sjaldan í miðborgina.
- Finnst vera þrengja að íbúum og verslun í miðborginni.
- No comment fer lítið þarna.
- Sumt er gott, annað er fáránlegt, t.d. það að breyta akstursstefnu á Laugaveginum.
- Það er í lagi að hafa fleiri göngugötur yfir sumartímann en yfir veturinn er betra að hafa gott aðgengi fyrir bíla.

**112 - Grafarvogur**

- Alveg hætt að fara í miðbæinn. Hvergi hægt að leggja bíl og tómt vesen að fara þangað svo mér er nokkuð sama hvort göturnar eru göngugötur eða ekki.
- Alveg sama yfir sumartímann en getur verið erfitt yfir vetrartímann.
- Aukið mannlíf.
- Árstíðabundið og ekki allan sólahringinn!
- Ég fer mjög sjaldan í miðborgina.
- Hef ekki sterkar skoðanir - fer mjög sjaldan niður í bæ.
- Má ekki hindra umferð of mikið eins og nú er gert.
- Skortur á bílastæðum í nágrenni.
- Vil geta keyrt niður Laugaveginn.

**113 - Grafarholt og Úlfarsárdalur**

- Fer lítið í bæinn.
- Hefta för fatlaðra.
- Kaldir og hráslagalegir vetur.
- Mér er mest megnis sama um þær.
- Reykjavík er bær enn ekki borg. Gamla góða Reykjavík án þéttingar og án gámaarkitektúrs á að friðlýsa enn það er víst of seint kapítalkratar með Dag í fronti eru búin að rústa gömlu fallegu Reykjavík sem gæti verið göngugata út í eitt. Er í staðin bílasvarthol.
- Verslanir hafa farið af Laugaveginum svo maður á ekkert erindi lengur í bæinn t.d. held ég að jólastemmingin í miðbænum verði lítil ekkert eins og hún var hér áður fyrr.
- Það er mikilvægt að hafa aðgengi fyrir sendla fyrir búðirnar og nóg af bílastæðum en á sama tíma er gott að vera laus við bílaumferð á sumum svæðum, sem ætti þá að vera allt árið um kring en ekki stundum og stundum ekki.
- Þetta er oft klúður.

**116/162 - Kjalarnes**

- Göngugötur eru skemmtilegar erlendis, en hér er of kalt rok og rigning.

Hvers vegna ert þú **jákvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

**101 - Miðborg**

- Af því bílar komast ekki fyrir í miðbænum - skynsamlegra að nota almenningssamgöngur og ganga.
- Af því þær eru frábærar og það eru hvort sem er ekki stæði fyrir alla.
- Afslappaðri stemming þar sem fólk hefur allt rýmið fyrir sig en þarf ekki að deila með bílum.
- Auka líf.
- Betra mannlíf.
- Betra og líflegra mannlíf með færri bílum á sumrin.
- Bíður upp á meiri samveru og notalegheit.
- Efla mannlíf.
- Engin mengun, enginn hávaði í bílum og allt mikið afslappað. Vera í bænum.
- Ég bý á Laugaveginum og á oft erfitt með að komast leiðar minnar í kringum heimili mitt.
- Frjálsari fætur. Meira mannlíf. Minni mengun.
- Gera það ánægjulegra að ganga um miðbæinn.
- Gott að vera laus við bíla á nokkrum götum.
- Hef búið í miðborginni undanfarin 70 ár og á þeim tíma hefur hún breyst mikið. Nýflutt vestast í Vesturbæinn og kem því sjaldnar í miðborgina en áður. Mér finnst nóg komið af bílaumferð í miðborginni.
- Hollusta og hætta af bílum þar sem mikið er af gangandi fólki.
- Meira og betra mannlíf.
- Minnkar umferð og meiri stemning að ganga um í bænum.
- Skemmtilegra mannlíf og minni mengun, bæði hljóð og loftgæði.
- Þetta eru götur sem er yfirleitt mesta umferðin er af gangandi fólki. Svo hvers vegna ekki, þetta er svona erlendis og fólk er ánægt með það.
- Því ekki?
- Þægilegra að kíkja í bæinn.

**103 - Kringlan**

- Finnst jákvætt að draga úr bílaumferð almennt og sérstaklega í miðborginni, það gerir hana einungis meira aðlaðandi.
- Þær skapa aðstæður fyrir skemmtilegt mannlíf.

**104 - Laugardalur**

- Borgin verður meira lifandi.
- Bætir veitingastaðastemningu.
- Gerir umhverfið meira heillandi.
- Gott í góðu veðri.
- Hvers vegna? Mér finnst lágmark að það séu almennilegar göngugötur fyrir fólk. Því það eru margir sem vilja ganga um í miðborginni.
- Jákvætt fyrir mannlífið.
- Mér finnst þær gefa tækifæri til öflugs mannlífs í borginni en um leið geta takmarkað fjölbreytni þjónustunnar sem boðið er upp á á þessum götum.
- Minnka umferð.
- Mun skemmtilegra að koma þangað, bæjarstemming.
- Notalegt að ganga um og hafa kaffihús án umferðar.
- Von um aukið mannlíf.
- Það minnkar bílaumferð og er nútímalegra.
- Þarf breyta Laugaveginum. Hann er ekki vel skipulagður.

**105 - Hlíðar**

- Á heima í 105 og geng mikið í bæinn.
- Bílaumferð fylgir sjón- hljóð og Co2- mengun.
- Býr til skemmtilega stemningu í miðbænum ef maður er gangandi en hefur neikvæð áhrif á aðgengi bílaumferðar.
- Ég ferðast mikið um borgina gangandi eða á hjóli. Mér finnst mannlífið blómstra þar sem göngugötur eru.
- Ég held að miðborgin verði skemmtilegri en auðvitað þurfa þessar breytingar að gerast í góðri sátt við verslunareigendur en þó verða þeir að vera samvinnuþýðir við borgaryfirvöld. Þetta er erfitt fyrir báða aðila.
- Finnst þær skapa meira mannlíf og gefa tækifæri á að nýta göturnar fyir uppákomur.
- Fínt að fólk geti labbað þar um.
- Fjölskylduvænni miðbær og öruggari.
- Gangandi vegfarendur hafa sinn tilverurétt. Mengun frá stanslausri bílaumferð í miðborginni er tilfinnanleg og óboðleg börnum t.d.
- Gerir miðbæinn betri, líflegri.

Hvers vegna ert þú **jákvæð(ur)** gagnvart göngugötum í miðborginni?

**105 - Hlíðar frh.**
